



VIÐAUKI I

við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dags. 13. ágúst 2026

1. INNGANGUR

Viðauki þessi er gefinn út af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. (útgefandi) og skal lesinn með hliðsjón af útgefandalýsingu dags. 13. ágúst 2026 og verðbréfalýsingu dags. 13. ágúst 2026. Saman mynda þessi skjöl grunnlýsingu sjóðsins sbr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, sem staðfest var af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands þann 14. ágúst 2026.

Viðauki þessi er gefinn út á grundvelli 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, sbr. lög nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Tilgangur viðaukans er tvíþættur: annars vegar að uppfæra skilmála skuldabréfanna í kafla 9 í verðbréfalýsingu til að kveða með skýrum hætti á um heimild útgefanda til að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldabréfanna frá verðbréfamiðstöð og reikningsstofnunum á hverjum tíma, og hins vegar að uppfæra form endanlegra skilmála í kafla 10 til samræmis.

2. BREYTINGAR Á VERÐBRÉFALÝSINGU

Í kafla 9, „Skilmálar skuldabréfanna“, á blaðsíðu 6 í verðbréfalýsingu dags. 13. ágúst 2026, fellur texti í hægri dálki fyrir „Grein 2: Á við í öllum tilfellum: Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag“ brott og í stað hans kemur eftirfarandi:

Grein 2: Á við í öllum tilfellum:	Útgáfuform, greiðslufyrirkomulag og upplýsingar um eigendur
	Skuldabréfin eru nafnbref, gefin út rafrænt hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Útgefandi mun greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur, eftir því sem við á samkvæmt endanlegum skilmálum hvers skuldabréfs fyrir sig á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa falið vörslu á skuldabréfum sínum. Greitt er í samræmi við skráða eign skuldabréfaeiganda einum degi fyrir hvern gjalddaga. Með vörslureikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á vörslureikninga eigendanna, þar sem skuldabréfin eru í vörslu. Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur skuldabréfanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og þeim reikningsstofnunum þar sem skuldabréfin eru geymd á vörslureikningum. Útgefandi skal fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og ekki afhenda þriðja aðila upplýsingarnar nema útgefanda beri skylda til samkvæmt lögum. Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamiðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram. Skuldabréfin verða afskráð úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.

3. YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, bera ábyrgð á viðauka þessum og lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem viðauki þessi hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 11. september 2026
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Kristinn Jónasson
stjórnarformaður

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri